

Hrönn Jónsdóttir

From: Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
Sent: þriðjudagur, 24. maí 2022 10:24
To: 'Gísli Halldór Halldórsson'; 'Eydís Þ. Indriðadóttir'; Ásta Stefánsdóttir; Jón; Lilja Einarssdóttir; 'Sveitarstjóri Mýrdalshrepps'; 'Sveitarstjóri'; valtyr@asahrepur.is; sveitarstjori@gogg.is; agust@ry.is; Sylvía Karen Heimisdóttir
Cc: Oddviti Bláskógabyggðar; anton@hvolsvollur.is; bjarkig@klaustur.is
Subject: Framhald um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið ... til afgreiðslu hjá sveitarstjórn ...
Attachments: Fundargerð 18. fundur.pdf; Suðurhálendi_220426 vorkynning.pdf

Ágætu bæjar- og sveitarstjórar.

Inngangur:

Á ársþingi SASS 2018 voru sveitarfélögin á Suðurlandi sem eiga land að Suðurhálendinu hvött til að gera svæðisskipulag fyrir Suðurhálendið þar sem horft yrði til verndunar og nýtingar á svæðinu í heild. Einnig að skoða þyrfti skilgreiningar á hvar mörk Suðurhálendisins lægju.

Árið 2019 var unnið að forathugun sem fólst í að kalla saman aðila frá þeim sveitarfélögum á Suðurlandi sem eiga hagsmuna að gæta og athuga vilja þeirra til þessarar vinnu. Niðurstaða forathugunarinnar var að ellefu sveitarstjórnir samþykktu að halda áfram með gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið. Um er að ræða eftirtalin sveitarfélög en þau eiga hagsmuna að gæta: Skáftárþreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahrepur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur og Sveitarfélagið Árborg.

Í viðhengi er fundargerð frá 18. fundi skipulagsnefndar sem haldinn var 26. apríl sl. Á fundinum var verkefnið kynnt fyrir nokkrum hagaðilum s.s. Landgræðslunni, Vatnajökulsþjóðgarði og Þingvallaþjóðgarði og er sú kynning einnig í viðhengi. Kynningin gefur góða yfirsýn um stöðu verkefnisins.

Næstu skref:

Tölvupóstur þessi er nú sendur á fyrrgreind ellefu sveitarfélög en til að geta unnið áfram að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið þarf formlega afgreiðslu á málinu. Hvert sveitarfélag þarf til samræmis við skipulagslög að **skipa að nýju eða endurnýja umboð tveggja aðalmannna og tveggja til vara í skipulagsnefnd sem vinnur að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið.**

Vinsamlegast takið sem fyrst til afgreiðslu í sveitarstjórn staðfestingu á skipan tveggja kjörinna aðalmannna og tveggja kjörinna varamanna í svæðisskipulagsnefnd fyrir Suðurhálendið. Gert er ráð fyrir að næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verði haldinn í ágúst nk.

Vakni spurningar er hvenær sem er hægt að ná á mig í síma 897 9791. Vinsamlegast sendið niðurstöðu sveitarstjórnar á netfangið: bjarni@sudurland.is – Ekki senda á allan hópinn.

Bestu kveðjur,
f.h. verkefnisstjórnar,

Bjarni